

## REGLUGERÐ

### um fjárhæðir greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði og fjárhæðir fæðingarstyrks samkvæmt lögum nr. 144/2020, um fæðingar- og foreldraorlof.

#### 1. gr.

Fjárhæðir greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði samkvæmt lögum nr. 144/2020, um fæðingar- og foreldraorlof, skulu vera sem hér segir til foreldra barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur frá og með 1. janúar 2021 til og með 31. desember 2021:

- a. Hámarksfjárhæð skv. 1. mgr. 24. gr. laganna skal nema 600.000 kr. á mánuði.
- b. Lágmarksgreiðsla skv. 1. másl. 3. mgr. 24. gr. laganna skal nema 137.632 kr. á mánuði.
- c. Lágmarksgreiðsla skv. 2. másl. 3. mgr. 24. gr. laganna skal nema 190.747 kr. á mánuði.

#### 2. gr.

Fjárhæðir fæðingarstyrks samkvæmt lögum nr. 144/2020, um fæðingar- og foreldraorlof, skulu vera sem hér segir til foreldra barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur frá og með 1. janúar 2021 til og með 31. desember 2021:

- a. Fæðingarstyrkur skv. 1. másl. 1. mgr. 38. gr. laganna skal nema 83.233 kr. á mánuði.
- b. Fæðingarstyrkur skv. 2. másl. 1. mgr. 38. gr. laganna skal nema 190.747 kr. á mánuði.

#### 3. gr.

Fjárhæðir greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði samkvæmt lögum nr. 144/2020, um fæðingar- og foreldraorlof, skulu vera sem hér segir til foreldra barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur frá og með 1. janúar 2022 eða síðar:

- a. Hámarksfjárhæð skv. 1. mgr. 24. gr. laganna skal nema 600.000 kr. á mánuði.
- b. Lágmarksgreiðsla skv. 1. másl. 3. mgr. 24. gr. laganna skal nema 143.963 kr. á mánuði.
- c. Lágmarksgreiðsla skv. 2. másl. 3. mgr. 24. gr. laganna skal nema 199.522 kr. á mánuði.

#### 4. gr.

Fjárhæðir fæðingarstyrks samkvæmt lögum nr. 144/2020, um fæðingar- og foreldraorlof, skulu vera sem hér segir til foreldra barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur frá og með 1. janúar 2022 eða síðar:

- a. Fæðingarstyrkur skv. 1. másl. 1. mgr. 38. gr. laganna skal nema 87.062 kr. á mánuði.
- b. Fæðingarstyrkur skv. 2. másl. 1. mgr. 38. gr. laganna skal nema 199.522 kr. á mánuði.

#### 5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli 3. mgr. 54. gr. laga nr. 144/2020, um fæðingar- og foreldraorlof, öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 29. desember 2021.*

**Guðmundur Ingi Guðbrandsson**  
félagsmála- og vinnumarkaðsráðherra.

*Bjarnheiður Gautadóttir.*